

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 21. október 2019
UST201909-188/F.T.
08.14.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. september sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Sorpsamlag Þingeyinga vegna frávíka er skráð voru í eftirliti þann 27. maí 2019.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.6 í starfsleyfi.** Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að spilliefnum og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, og tækjum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Frágangi í samræmi við viðbragðsáætlun er ekki lokið.
2. **A og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemi fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Ástand hreinsivirkis skapar verulega hættu á mengun.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 4. október sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 4. nóvember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra